

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 21. mars 2006 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1160/2005 frá 6. júlí 2005 um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum að því er varðar aðgang stofnana í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á útgáfu skráningarskírteina vélknúinna ökutækja, að Schengen-upplýsingakerfinu, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21/2000. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 21. mars 2006.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytinu, 28. mars 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB)

nr. 1160/2005 frá 6. júlí 2005

um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum að því er varðar aðgang stofnana í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á útgáfu skráningarskírteina vélknúinna ökutækja, að Schengen-upplýsingakerfinu

(Texti sem varðar EES)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum d-lið 1. mgr. 71. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,
með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna¹,
að höfðu samráði við svæðanefndina,
í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans²,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Í 9. gr. tilskipunar ráðsins 1999/37/EB frá 29. apríl 1999 um skráningarskjöl fyrir ökutæki³ er kveðið á um að aðildarríkin skuli aðstoða hvert annað við framkvæmd þeirrar tilskipunar og megi skiptast á upplýsingum, tvö eða fleiri, einkum til að athuga, áður en ökutæki er skráð, hver staða ökutækisins er samkvæmt lögum, ef þörf krefur, í aðildarríkinu þar sem það var áður skráð. Slíkt eftirlit getur meðal annars falið í sér notkun rafrænna fjarskiptaneta.

¹ Stjtið. ESB C 110, 30.4.2004, bls. 1.

² Álit Evrópuþingsins frá 1. apríl 2004 (Stjtið. ESB C 103 E, 29.4.2004, bls. 794), sameiginleg afstaða ráðsins frá 22. desember 2004 (Stjtið. ESB C 111 E, 11.5.2005, bls. 19), afstaða Evrópuþingsins frá 28. apríl 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 2. júní 2005.

³ Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 57. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/127/EB (Stjtið. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 29).

2. Schengen-upplýsingakerfið (eða SIS-upplýsingakerfið), sem komið var á í samræmi við ákvæði IV. bálks samningsins frá 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum⁴ (hér á eftir nefndur „Schengen-samningurinn frá 1990“) og felld inn í ramma Evrópusambandsins samkvæmt bókuninni sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, er rafrænt net milli aðildarríkjanna sem geymir m.a. upplýsingar um vélknúin ökutæki með sprengirými yfir 50 rúmsentimetra sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið. Samkvæmt 100. gr. Schengen-samningsins frá 1990 skal skrá í SIS-upplýsingakerfið gögn um slík vélknúin ökutæki, sem leitað er að í þeim tilgangi að leggja á þau hald eða nota sem sönnunargögn í sakamáli.
3. Í ákvörðun ráðsins 2004/919/EB frá 22. desember 2004 um baráttuna gegn afbrotum sem beinast að vélknúnum ökutækjum og ná yfir landamæri⁵ er notkun SIS-upplýsingakerfisins talin vera óaðskiljanlegur hluti af stefnu löggæsluyfirvalda í baráttunni gegn afbrotum sem beinast að vélknúnum ökutækjum.
4. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. Schengen-samningsins frá 1990, hafa eingöngu aðilar, sem bera ábyrgð á landamæraeftirliti og öðru eftirliti lögreglu og tolls inni í landinu, svo og samræmingu slíks eftirlits, aðgang að gögnum í SIS-upplýsingakerfinu með þeim rétti að mega leita beint að tilteknum gögnum.
5. Í 4. mgr. 102. gr. Schengen-samningsins frá 1990 er kveðið á um að ekki megi nota gögnin í þágu stjórnábyrgðar.
6. Stofnanir í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á útgáfu skráningarskrirteina vélknúinna ökutækja og eru greinilega skilgreindar í þessum tilgangi, skulu hafa aðgang að gögnum sem skráð eru í SIS-upplýsingakerfið um vélknúin ökutæki með sprengirými yfir 50 rúmsentimetra, eftirvagna og hjólhýsi með eigin þunga yfir 750 kg, svo og skráningarskrirteini vélknúinna ökutækja og skráningarkerki ökutækja, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega, hafa horfið eða verið afskráð, til að gera þeim kleift að kanna hvort ökutæki, sem þau fá til skráningar, séu stolin, þau hafi verið seld ólöglega eða horfið. Í þessu skyni þarf að samþykkja reglur sem veita framangreindum stofnunum aðgang að þessum gögnum, og heimila þeim að nota þau í stjórnábyrgðunni til þess að gefa megi út skráningarskrirteini vélknúinna ökutækja á tilhlýðilegan hátt.
7. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að gripið sé til ráðstafananna sem kveðið er á um í 2. mgr. 100. gr. Schengen-samningsins frá 1990 ef leit í kerfinu ber árangur.
8. Í tilmælum Evrópuþingsins til ráðsins frá 20. nóvember 2003 um aðra kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II-upplýsingakerfisins) eru sett fram nokkur mikilvæg áhyggjuefni og sjónarmið í tengslum við þróun SIS-upplýsingakerfisins, einkum að því er varðar aðgang einkaaðila að kerfinu, s.s. stofnana sem sjá um útgáfu skráningarskrirteina vélknúinna ökutækja.
9. Ef stofnanir í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á útgáfu skráningarskrirteina vélknúinna ökutækja, eru ekki opinberar stofnanir, skal þeim veittur óbeinn aðgangur að SIS-upplýsingakerfinu, þ.e. með milligöngu eins þeirra yfirvalda, sem um getur í 1. mgr. 101. gr. Schengen-samningsins frá 1990, sem ber ábyrgð á því að tryggja samræmi við ráðstafanir sem þessi aðildarríki gera í samræmi við 118. gr. þess samnings.
10. Um vinnslu persónuupplýsinga af hálfu þeirra stofnana í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á útgáfu skráningarskrirteina vélknúinna ökutækja, gilda tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁶ og sértækar reglur um gagnavernd í ákvæðum Schengen-samningsins frá 1990 sem koma til viðbótar við eða skýra meginreglurnar sem settar eru fram í þeirri tilskipun.
11. Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að veita

4 Stjtið. EB L 239, 22.9.2000, bls. 19. Samningnum var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 871/2004 (Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 29).

5 Stjtið. ESB L 389, 30.12.2004, bls. 28.

6 Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

stofnunum í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á útgáfu skráningarskírteina vélknúinna ökutækja, aðgang að SIS-upplýsingakerfinu til að auðvelda þeim að sinna verkefnum sínum samkvæmt tilskipun 1999/37/EB, sakir þess að SIS-upplýsingakerfið er sameiginlegt upplýsingakerfi, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Með reglugerð þessari er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessu markmiði í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í framangreindri grein.

12. Aðildarríkin skulu hafa nægilega langan frest til að gera hagnýtar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til beitingar þessari reglugerð.
13. Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem falla innan sviðsins sem um getur í G-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna⁷.
14. Að því er Sviss varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna, í skilningi samningsins sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Ríkjasambandið Sviss gerðu með sér um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sem falla innan sviðsins sem um getur í G-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, túlkuð í tengslum við 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar ráðsins 2004/860/EB frá 25. október 2004⁸ um undirritunina fyrir hönd Evrópubandalagsins og um bráðabirgðabeitingu tiltekinna ákvæða þess samnings.
15. Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
16. Þessi reglugerð er gerð sem er byggð á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi grein bætist við IV. bálk Schengen-samningsins frá 1990:

„102. gr. A

1. Þrátt fyrir 92. gr. (1. mgr.), 100. gr. (1. mgr.), 101. gr. (1. og 2. mgr.) og 102. gr. (1., 4. og 5. mgr.) skulu stofnanir í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á útgáfu skráningarskírteina vélknúinna ökutækja, eins og um getur í tilskipun ráðsins 1999/37/EB frá 29. apríl 1999 um skráningarskjöl fyrir ökutæki⁹, hafa rétt á aðgangi að eftirfarandi gögnum í Schengen-upplýsingakerfinu, í þeim tilgangi einum að athuga hvort ökutæki, sem þau fá til skráningar, séu stolin, hafi verið seld ólöglega eða horfið:
 - a) gögnum um vélknúin ökutæki með sprengirými yfir 50 rúmsentímetra sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
 - b) gögnum um eftirvagna og hjólhýsi með eigin þunga yfir 750 kg sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
 - c) gögnum um skráningarskírteini vélknúinna ökutækja og skráningarmerki ökutækja sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega, hafa horfið eða hafa verið afskráð.

Með fyrirvara um 2. mgr. skal aðgangur þessara stofnana að þessum gögnum heyra undir landslög hvers aðildarríkis.

2. Stofnanir, sem um getur í 1. mgr. og eru opinberar stofnanir, skulu hafa rétt til að leita beint í Schengen-upplýsingakerfinu að þeim gögnum sem um getur í þeirri málsgrein.

⁷ Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

⁸ Stjtið. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 78.

⁹ Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 57. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/127/EB (Stjtið. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 29).“

Stofnanir, sem um getur í 1. mgr. og eru ekki opinberar stofnanir, skulu einungis hafa aðgang að gögnum, sem eru skráð í Schengen-upplýsingakerfið, sem um getur í þeirri málsgrein, fyrir milligöngu eins þeirra yfirvalda sem um getur í 1. mgr. 101. gr. Yfirvaldið skal hafa rétt til að leita beint að gögnunum og miðla þeim áfram til þessara stofnana. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tryggja að þessar stofnanir og starfsmenn þeirra séu skuldbundin til að virða allar takmarkanir á leyfilegri notkun gagna sem yfirvaldið miðlar til þeirra.

3. Ákvæði 2. mgr. 100. gr. skulu ekki gilda um leit sem gerð er í samræmi við þessa grein. Tilkynningar stofnana, eins og um getur í 1. mgr., til lögreglu eða dómsmálayfirvalda um upplýsingar, sem koma fram við leit í Schengen-upplýsingakerfinu og leiða til grunsemda um refsiverðan verknað, skulu heyra undir landslög.
4. Ráðið skal árlega, eftir að hafa leitað álits sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar, sem komið var á fót skv. 115. gr. reglna um gagnavernd, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið um framkvæmd þessarar greinar. Skýrslan skal innihalda upplýsingar og tölfræðilegar upplýsingar um notkun ákvæða þessarar greinar og þann árangur sem náðst hefur með framkvæmd þeirra og skal koma fram hvernig reglunum um gagnavernd hefur verið beitt.

2. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 11. janúar 2006.
3. Að því er varðar þau aðildarríki, þar sem ákvæði Schengen-gerðanna um SIS-upplýsingakerfið gilda ekki enn, skal þessi reglugerð koma til framkvæmda innan sex mánaða frá þeim degi þegar þessi ákvæði taka gildi að því er þau varðar eins og tilgreint er í ákvörðun ráðsins, sem samþykkt var þess efnis, í samræmi við gildandi málsmeðferð.
4. Innihald þessarar reglugerðar skal verða bindandi fyrir Noreg 270 dögum eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
5. Þrátt fyrir tilkynningaskylduna sem mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr. 8. gr. samningsins um þátttöku Noregs og Íslands í Schengen¹⁰, skal Noregur, fyrir þann dag sem um getur í 4. mgr., tilkynna ráðinu og framkvæmdastjórninni um að stjórnskipuleg skilyrði fyrir því, að innihald þessarar reglugerðar geti orðið bindandi fyrir Noreg, hafi verið uppfyllt.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 6. júlí 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
J. BORRELL FONTELLES
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
J. STRAW
forseti.

¹⁰ Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

**REGULATION (EC) NO 1160/2005 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT
AND OF THE COUNCIL
of 6 July 2005**

amending the Convention implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985 on the gradual abolition of checks at common borders, as regards access to the Schengen Information System by the services in the Member States responsible for issuing registration certificates for vehicles

(Text with EEA relevance)

THE EUROPEAN PARLIAMENT AND THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,
Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 71(1)(d) thereof,

Having regard to the proposal from the Commission,

Having regard to the opinion of the European Economic and Social Committee¹,

After consulting the Committee of the Regions,

Acting in accordance with the procedure laid down in Article 251 of the Treaty²,

Whereas:

1. Article 9 of Council Directive 1999/37/EC of 29 April 1999 on the registration documents for vehicles³ provides that Member States are to assist one another in the implementation of that Directive and may exchange information at bilateral or multilateral level in particular so as to check, before any registration of a vehicle, the latter's legal status, where necessary in the Member State in which it was previously registered. Such checking may in particular involve the use of an electronic network.
2. The Schengen Information System (or the SIS), set up under Title IV of the Convention of 1990 implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985 on the gradual abolition of checks at common borders⁴ (hereinafter „the 1990 Schengen Convention“) and integrated into the framework of the European Union pursuant to the Protocol annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, constitutes an electronic network between the Member States and contains, inter alia, data on motor vehicles with a cylinder capacity exceeding 50 cc which have been stolen, misappropriated or lost. Pursuant to Article 100 of the 1990 Schengen Convention, data on such motor vehicles sought for the purposes of seizure or use as evidence in criminal proceedings are entered in the SIS.
3. Council Decision 2004/919/EC of 22 December 2004 on tackling vehicle crime with cross-border implications⁵ includes the use of the SIS as an integral part of the law enforcement strategy against vehicle crime.
4. Pursuant to Article 101(1) of the 1990 Schengen Convention, access to data entered in the SIS and the right to search such data directly is reserved exclusively to the authorities responsible for border checks and other police and customs checks carried out within the country, and the coordination of such checks.
5. Article 102(4) of the 1990 Schengen Convention provides that data may not, in principle, be used for administrative purposes.
6. Services responsible in the Member States for issuing registration certificates for vehicles and clearly identified for this purpose should have access to data entered in the SIS concerning motor vehicles with a cylinder capacity exceeding 50cc, trailers and caravans with an unladen weight exceeding 750 kg and vehicle registration certificates and vehicle number plates which have been stolen, misappropriated, lost or invalidated, in order to enable them to check wheth-

¹ OJ C 110, 30.4.2004, p. 1.

² Opinion of the European Parliament of 1 April 2004 (OJ C 103 E, 29.4.2004, p. 794), Council Common Position of 22 December 2004 (OJ C 111 E, 11.5.2005, p. 19), Position of the European Parliament of 28 April 2005 (not yet published in the Official Journal) and Council Decision of 2 June 2005.

³ OJ L 138, 1.6.1999, p. 57. Directive as last amended by Commission Directive 2003/127/EC (OJ L 10, 16.1.2004, p. 29).

⁴ OJ L 239, 22.9.2000, p. 19. Convention as last amended by Council Regulation (EC) No 871/2004 (OJ L 162, 30.4.2004, p. 29).

⁵ OJ L 389, 30.12.2004, p. 28.

er the vehicles presented to them for registration have been stolen, misappropriated or lost. To that end it is necessary to adopt rules granting those services access to those data, and to allow them to use those data for the administrative purpose of properly issuing registration certificates for vehicles.

7. Member States should take the necessary measures to ensure that, in case of a hit, the measures provided for under Article 100(2) of the 1990 Schengen Convention are taken.
8. The European Parliament recommendation to the Council of 20 November 2003 on the second-generation Schengen Information System (SIS II) outlines a number of important concerns and considerations in relation to the development of the SIS, particularly as regards access to the SIS by private bodies such as vehicle registration services.
9. To the extent that services in the Member States responsible for issuing registration certificates for vehicles are not government services, access to the SIS should be granted indirectly, that is to say through the intermediary of an authority as referred to in Article 101(1) of the 1990 Schengen Convention responsible for ensuring compliance with the measures taken by these Member States pursuant to Article 118 of that Convention.
10. Directive 95/46/EC of the European Parliament and of the Council of 24 October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data⁶, and the specific rules on data protection in the provisions of the 1990 Schengen Convention, which supplement or clarify the principles set out in that Directive, apply to the processing of personal data by the services responsible in the Member States for issuing registration certificates for vehicles.
11. Since the objective of this Regulation, namely granting access to the SIS to services in the Member States responsible for issuing registration certificates for vehicles, in order to facilitate their tasks under Directive 1999/37/EC, cannot be sufficiently achieved by the Member States by reason of the very nature of the SIS as a joint information system, and can therefore only be achieved at Community level, the Community may adopt measures, in accordance with the principle of subsidiarity as set out in Article 5 of the Treaty. In accordance with the principle of proportionality, as set out in that Article, this Regulation does not go beyond what is necessary in order to achieve that objective.
12. Member States should have a sufficient period within which to take the practical measures necessary to apply this Regulation.
13. As regards Iceland and Norway, this Regulation constitutes a development of provisions of the Schengen acquis which fall within the area referred to in Article 1, point G, of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis⁷.
14. As regards Switzerland, this Regulation constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement signed between the European Union, the European Community and the Swiss Confederation concerning the association of the Swiss Confederation with the implementation, application and development of the Schengen acquis, which fall within the area referred to in Article 1, point G, of Decision 1999/437/EC read in conjunction with Article 4(1) of Council Decision 2004/860/EC of 25 October 2004⁸ on the signing, on behalf of the European Community, and on the provisional application of certain provisions of that Agreement.
15. This Regulation respects the fundamental rights and observes the principles recognised in particular by the Charter of Fundamental Rights of the European Union.
16. This Regulation constitutes an act building on the Schengen acquis or otherwise related to it within the meaning of Article 3(2) of the 2003 Act of Accession,

⁶ J OJ L 281, 23.11.1995, p. 31. Directive as amended by Regulation (EC) No 1882/2003 (OJ L 284, 31.10.2003, p. 1).

⁷ OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

⁸ OJ L 370, 17.12.2004, p. 78.

HAVE ADOPTED THIS REGULATION:

Article 1

The following Article shall be inserted in Title IV of the 1990 Schengen Convention:

„Article 102A

1. Notwithstanding Articles 92(1), 100(1), 101(1) and (2), 102(1), (4) and (5), the services in the Member States responsible for issuing registration certificates for vehicles, as referred to in Council Directive 1999/37/EC of 29 April 1999 on the registration documents for vehicles⁹, shall have the right to have access to the following data entered into the Schengen Information System, for the sole purpose of checking whether vehicles presented to them for registration have been stolen, misappropriated or lost:
 - (a) data concerning motor vehicles with a cylinder capacity exceeding 50 cc which have been stolen, misappropriated or lost;
 - (b) data concerning trailers and caravans with an unladen weight exceeding 750 kg which have been stolen, misappropriated or lost;
 - (c) data concerning registration certificates for vehicles and vehicle number plates which have been stolen, misappropriated, lost or invalidated.Subject to paragraph 2, the national law of each Member State shall govern access to those data by those services.
2. The services referred to in paragraph 1 that are government services shall be entitled to search directly the data entered in the Schengen Information System referred to in that paragraph.

The services referred to in paragraph 1 that are not government services shall have access to data entered in the Schengen Information System referred to in that paragraph only through the intermediary of an authority as referred to in Article 101(1). That authority shall be entitled to search directly the data and to pass them on to those services. The Member State concerned shall ensure that those services and their employees are obliged to respect any limitations on the permissible use of data passed on to them by the authority.
3. Article 100(2) shall not apply to a search made in accordance with this Article. The communication by services as referred to in paragraph 1 to the police or judicial authorities of information brought to light by a search of the Schengen Information System which gives rise to suspicion of a criminal offence shall be governed by national law.
4. Each year, after seeking the opinion of the joint supervisory authority set up pursuant to Article 115 on the data protection rules, the Council shall submit a report to the European Parliament on the implementation of this Article. That report shall include information and statistics on the use made of the provisions of this Article and the results obtained in their implementation and shall state how the data protection rules have been applied.

Article 2

1. This Regulation shall enter into force on the 20th day following its publication in the Official Journal of the European Union.
2. It shall apply from 11 January 2006.
3. For those Member States in which the provisions of the Schengen acquis relating to the SIS do not yet apply, this Regulation shall apply within six months after the date on which those provisions are put into effect for them, as specified in the Council Decision adopted to that effect in accordance with the applicable procedures.
4. The content of this Regulation shall become binding for Norway 270 days after the date of its publication in the Official Journal of the European Union.
5. Notwithstanding the notification requirements laid down in Article 8(2)(c) of the Schengen Association Agreement with Norway and Iceland¹⁰, Norway shall, before the date referred to in paragraph 4, notify the Council and the Commission that the constitutional requirements for becoming bound by the contents of this Regulation have been fulfilled.

⁹ OJ L 138, 1.6.1999, p. 57. Directive as last amended by Commission Directive 2003/127/EC (OJ L 10, 16.1.2004, p. 29).

¹⁰ OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.

Nr. 32

28. mars 2006

This Regulation shall be binding in its entirety and directly applicable in all Member States.
Done at Strasbourg, 6 July 2005.

For the European Parliament
The President
J. Borrell Fontelles

For the Council
The President
J. Straw

C-deild – Útgáfud.: 17. október 2016